

ERLE2DL02

Búið til: Fri, 05 Mar 2021 08:55:26 GMT

Titill

Erlent samskiptaverkefni

Skammstöfun

ERLE2DL02

Útgáfunúmer

10

Námsgrein

erlend samskipti

Viðfangsefni

Digital Routs for Intelligent Learning

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

DRIL, sem stendur fyrir "Digital Routes for Intelligent Learning," er fjölþjóðlegt verkefni sem MTR er aðili að ásamt skólum í Lettlandi og Eistlandi. Verkefnið gengur út á það að nemendur frá mismunandi löndum vinni saman í hópum og kanni hvað í menningu þeirra og umhverfi þau eigi sameiginlegt og hvað ekki. Á nútíma vinnustöðum hefur fjarvinna og alþjóðlegt samstarf stöðugt að vaxið. Það er því mikilvægt að þjálfar sig fyrir slíkan vinnustað, læra að skipuleggja sig og tíma sinn miðað við að samstarfsfólk sé jafnvel í öðru tímabelti, læra á hvaða tól og aðferðir hjálpa mest við að koma á árangursríkum samskiptum og hvernig maður sjálfur heldur sér við verkið. DRIL er tilraunaverkefni þar það er sett í hendur nemenda að prófa sig áfram og finna út hvað virkar og hvað virkar ekki, hvaða tól eða samskiptaleiðir virka best og hver þeirra virka alls ekki. Markmið áfangans verður að búa til litla rafbók þar sem nemendur kynna menningu lands síns hver fyrir öðrum. Nemendur frá mismunandi löndum vinna saman og ákveða í sameiningu um hvað nákvæmlega skal fjalla og hvernig.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi menningu þátttökulanda
- skipulagstækni og upplýsingasöfnun
- úrvinnslu gagna og uppsetningu efnis
- mikilvægi þess að setja upplýsingar fram á skýran og greinargóðan hátt
- fjölbreyttum aðferðum til að beita upplýsingatækni til samskipta og að koma efni frá sér
- fjölbreyttri hugmyndavinnu í hópavinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þróa hugmynd í samstarfi við aðra
- taka saman upplýsingar t.d. myndir og texta og koma á greinargott form
- meta eigin vinnu og annarra á gagnrýnninn hátt
- vinna með fólki af öðru þjóðerni með ensku sem samskiptamál
- kynna eigið land og þjóð fyrir fólki af öðru þjóðerni

- eiga í hversdagslegum samskiptum við fólk af öðru þjóðerni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr upplýsingum sem hann safnar og útbúa til birtingar
- safna sama upplýsingum með ólíkum hætti, t.d. með viðtölum
- setja fram efni á skýran hátt
- nota fjölbreyttar aðferðir við hugmyndavinnu og öflun gagna
- sýna frumkvæði og frumlega útfærslu í verkefnavinnu
- geta tjáð sig á skýran og ábyrgan hátt um eigin verk og annarra
- geta átt uppbyggileg samskipti og samstarf við samnemendur
- leggja mat á eigið vinnuframlag og samnemenda
- geta borið saman ólík lönd og þjóðir, menningu þeirra og ólíkar aðstæður
- koma þekkingu sinni og skilningi á framfæri á margvíslegan hátt
- nýta kunnáttu sína í ensku í umræðum, vinnu með öðrum og kynningum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati, nemendur þurfa að standast mætingakröfur áfangans

Skólar

Fyrirmynd